

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/2073
komudagur 9.5.1997



SÍNE SAMBAND ÍSLENSKRA NÁSMANNA
ERLENDIS

Reykjavík, 7. maí 1997.

Menntamálanefnd Alþinga, b.t. Sigróar Önnu Þórðardóttur

c.c. Hr. menntamálaráðherra, Björn Bjarnason

Efni: Afstaða SÍNE til hugmynda um óháða kærunefnd.

Stjórn Sambands íslenskra násmanna erlendis er því fylgjandi að sett verði á fót óháð kærunefnd til að úrskurða um meðferð mála hjá Lánasjóði íslenskra násmanna að því gefnu að áfram verði tryggt í lögum að stjórn LÍN úrskurði í kærumálum fyrst. Með öðrum orðum, þá er það eindregin skoðun stjórnar SÍNE að réttur skjólstæðinga LÍN til að skjóta málum til óháðrar kærunefndar verði hrein viðbót við þá meðferð sem mál þeirra fá samkvæmt núgildandi lögum um sjóðinn.

Ef það verður fellt út úr lögum að stjórn LÍN úrskurði um kærumál og einungis starfsmenn sjóðsins og kærunefndin fjalli um sík mál lítur stjórn SÍNE svo á að mjög alvarlega sé vegið að hagsmunum stúdenta, sem hafa notið þess að geta komið á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi kærumál í stjórn LÍN og undirmefndum stjórnarinnar.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar SÍNE


Aðalsteinn Leifsson, formaður